

Desember 2016

Jólaglugginn

13. desember kl. 10:30 opna nemendur Álfheima jólaglugga sem er liður í „Jól í Árborg“ þar sem fyrirtæki og stofnanir í Árborg telja dagana til jóla með því að opna einn jólaglugga á dag frá 1. desember. Jólagluggi Álfheima verður staðsettur á hliðinu á leikvellinum sem er á horni Reynivalla og Engjavegs.



Álfheimar 28 ára


Þann 13. desember eru liðin 28 ár frá því að leikskólinn Álfheimar tók til starfa.

Að því tilefni gerum okkur glaðan dag, höfum söngstund í sal, opnum jólagluggann og endum á opnum húsi frá 14:00-16:00.



Rauður dagur

12. desember er rauður dagur í Álfheimum. Þá klæðumst við rauðum fatnaði, syngjum jólalög og hlustum á jólasveinasögur.



Þriðjudaginn 29. nóvember fóru börn fædd 2011, 2012 og 2013 í Selfosskirkju.

Mánudaginn 28. nóvember fóru börn fædd 2011 og tóku þátt þegar kveikt var á jólatrénu sem er á móti brúnni.

Aðfaranótt 12. desember kemur Stekkjastaur til byggða fyrstur af þeim þrettán bræðrum. Á Íslandi er sú hefð að börn setja skóinn út í glugga og jólasveinarnir færa þeim gjafir.

Við vonum að jólasveinarnir gæti hófs í gjöfum sínum og biðjum foreldra og börn um að geyma skógjafir eftir heima.

Litlu jólin

Litlu jólin verða haldin í sal Vallaskóla fimmtudaginn

22. desember kl. 14:30.

Jólasveinar koma í heimsókn og dansa í kringum jólatréð.

Allir velkomnir.

23. nóvember bauð foreldrafélagið uppá sýningu með Einari Mikael



**2. janúar verður leikskólinn lokaður
vegna skipulagsdags**

Aðalfundur Foreldrafélags Álfheima, miðvikudaginn 23.11.16 kl. 20:00.
Fundargerð.

Mættir voru 6 stjórnarmeðlimir, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og 4 foreldrar leikskólabarna.

Á dagskrá var skýrsla formanns og ársskýrsla gjaldkera. Formaður sagði af sér stjórnarsetu fyrir fundinn þannig að gjaldkeri fór yfir útgjöld og tekjur síðasta árs og hvað við hygjumst gera á þessu skólaári.

Samþykkt var á aðalfundinum að breyta tímasetningu aðalfundar. Færa hann yfir á vorin og þá í kringum maí mánuð.

Rætt var um að breyta stjórnarfyrikomulagi þannig að hafa 8 manna stjórn. Ekki aðal og varamenn.

Upp komu spurningar, afhverju ákveðið var að hafa piparkökumálmun á öðrum tíma núna en áður.

Aðstoðarleikskólastjóri lét vita að það vantar eitt foreldri í umhverfisráð. Enginn gaf sig fram á fundinum en ákveðið var að leita til foreldra í leikskólanum.

Foreldrafélagið hefur stofnað hóp á facebook og er slóðin
<https://www.facebook.com/groups/371085369893751/>

Ef einhver hefur áhuga á að sitja í umhverfisráði sem fulltrúi foreldra þá er viðkomandi beðin um hafa samband við Jóhönnu, Evu Hrönn eða deildarstjóra viðkomandi deildar.